



Kvennafrídagurinn 24. október 1975 er líklega fjölmennustu mótmæli Íslandssögunnar. Launamunur kynjanna hefur enn ekki verið jafnaður þótt dregið hafi saman á undanförunum árum. MYND/LOFTUR ÁSGEIRSSON

Konur leggja niður störf og krefjast jafnréttis

Í dag er liðið 41 ár síðan íslenskar konur tóku höndum saman og lögðu niður störf til að krefjast launajafnréttis á við karla. Í dag verður leikurinn endurtekinn en konur um allt land hafa verið hvattar til að leggja niður störf klukkan 14.38 þegar þær hafa unnið fyrir kaupinu sínu. Meðalatvinnutekjur kvenna eru 70,3 prósent af atvinnutekjum karla.

Þann 24. október 1975 fóru stærstu fjöldamótmæli Íslandssögunnar fram þegar konur um allt land lögðu niður störf um miðjan dag til að mótmæla kynbundnum launamun. Talið er að 25 þúsund konur hafi hópast saman í miðbæ Reykjavíkur á samstöðufundi til að mótmæla því að laun kvenna væru umtalsvert lægri en laun karla.

Tíu árum síðar, þegar leikurinn var endurtekinn, söfnuðust saman átján þúsund manns og sýndu samstöðu á Lækjartorgi en í millitíðinni hafði Kvinnalistinn verið stofnaður og Vigdís Finnbogadóttir hlotið kjör sem forseti, fyrst kvenna í heiminum.

Í dag hefur aftur verið boðað til kvennafríðags eða kvennaverkfalls undir slagorðinu Kjarajafnrétti strax. Ný launakönnun VR sýnir að óútskýrður launamunur kynjanna er tíu prósent. Samkvæmt frétt Hagstofunnar frá 2014 var óleiðréttur launamunur kynjanna á Íslandi 18,3 prósent og hafði minnkað um rúm prósent frá árinu áður.

Konur eru hvattar til að leggja niður vinnu klukkan 14.38 í dag og sameinast á Austurvelli á baráttufundi. Leikskólar borgarinnar hafa sömuleiðis hvatt foreldra til að sækja börn sín svo leikskólustarfsmenn geti tekið þátt í viðburðinum.

Í dagblaðinu Tímanum frá 26. október 1975 má finna myndarþátt af feðrum sem neyddust til að taka börn sín með í vinnuna þegar konur lögðu niður störf. Fyrirsögn greinarinnar er „Almenn þátttaka í dömufríinu“ en hvergi er minnst á ástæður þess að konur lögðu niður störf. Þar kemur fram að bankastjórar Landsbankans hafi neyðst til að sjá sjálfir um afgreiðslustörf þegar konurnar gengu



Talið er að 25 þúsund konur hafi komið saman í miðbæ Reykjavíkur á Kvennafrídegnum árið 1975. MYND/LOFTUR ÁSGEIRSSON



Dagskráin á útifundi kvennafríðagsins 1975 var ekki af verri endanum. Guðrún Á. Símonardóttir óperusöngkona stýrði fjölda-söng og sagði að ekki mætti skilja kvennafrídaginn sem svo að konum væri bannað að vera góðar við karla. Þá fluttu þingkonurnar Sigurlaug Bjarnadóttir og Svava Jakobsdóttir ræður. MYND/BJÖRGVIN PÁLSSON

út. Þá hafi karlkyns starfsmenn Landsbankans við Laugaveg 77 gripið til þess að veifa hvítum fána, til tákns um uppgjöf, þegar konurnar lögðu niður störf þar sem konur skipuðu mikinn meirihluta starfsliðsins.

Hjá Ríkissjónvarpinu þurftu karlkyns starfsmenn að passa börnin sem fylgdu feðrum sínum í vinnuna og það var enginn annar en Ómar Ragnarson skemmtikraftur sem hafði ofan af fyrir börnunum. snaeros@frettabladid.is